

Ed.

95. Nefndarálit

um frumvarp til laga um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Nefndin er þeirrar skoðunar, að frumvarp þetta sé til bóta, miðað við það sem nú er, og hefir hún því orðið ásátt um að mæla með því við háttvirta deild.

Frumvarpið er sniðið upp úr lögum nr. 19, 22. maí 1890, um stofnun stýrimannaskóla á Íslandi, og er efni þess hið sama; en nokkuru nýju bætt við og prófskilyrðunum breytt í þá átt, að heimta nokkuð meiri og fullkomnari þekkingu, en hingað til hefir átt sér stað, og er það að finna í 2. og 3. gr. frumvarpsins.

Nefndin litur svo á, að þessar auknu kröfur um kunnáttu séu nauðsynlegar, eigi sízt við minna prófið, því að enn sem komið er stýra þeir flestum skipum hér við land, er að eins hafa lokið því prófi, og mun svo enn verða um langan tíma.

En þar sem nefndin er þeirrar skoðunar, að handhægra sé og öllu réttara, að hafa ein lög um stýrimannaskólann og próf þau, er þar geta farið fram, þá leyfir hún sér að koma hér fram með uppástungu um það, að taka lögina nr. 4, 13. sept. 1901, um próf í gufuvélafræði við stýrimannaskólann í Reykjavík, upp í frumvarp þetta, með þeim minniháttar breytingum, er nefndin telur nauðsynlegar, og úrfellingum, er leiða af samsteypu laganna, og er það á þessa leið:

Á eftir 4. gr. frumv. komi 3 nýjar greinar sem verði 5., 6. og 7. gr. svo hljóðandi:

5. gr.

Hver sá, sem staðist hefir hið meira stýrimannapróf, samkvæmt 3. gr. laga þessara, getur krafist þess, að hann sé reyndur í gufuvélafræði, þegar próf er haldið í skólanum.

6. gr.

Til prófs þess, er getur um í 5. gr., útheimtist þekking á því, sem nú skal greina:

Undirstöðuatriðum aiffræðinnar og hitafræðinnar, sérstaklega um eðli vatnsgufunnar og hagnýting hennar til vinnu; gufuvélum þeim sem nú tíðkast mest ásamt kötlum og því, er þeim fylgir, hestafli gufuvéla, meðferð gufuvéla, framknýingu og kolaeyðslu, helztu hlutum skips og skiftingu þess í vatnsheld hólfi, tæmingaráhöldum og slökkvitólum, ryði og vörnum gegn því, hjálparvélum á skipum og lagaákvæðum um gufuskip, er snerta tryggingu á lífi manna og góssi.

7. gr.

Prófið er að eins munnlegt og skal það haldið opinberlega af prófnefnd; fyrir því stendur sá af nefndarmönnum, sem stjórnarráðið skipar sem oddvita. Í prófnefndinni er forstöðumaður skólans og tveir menn aðrir, sem stjórnarráðið setur til þess í hvert skifti.

5. gr. frumvarpsins verði 8. gr. með þeim breytingum:

1. Í stað orðsins »prófinu« í niðurlagi fyrstu málsgreinar komi: prófunum.

2. Í stað orðsins »prófið« í fyrstu línu annarar málsgreinar komi: próf.

6. gr. frumvarpsins verði 9. gr.

10. gr. verði ný grein svohljóðandi:

Hver sá, sem staðist hefir próf í gufuvélafræði, samkvæmt lögum þess-

um, á kost á, að fá viðaukaskírteini það, um þekkingu á gufuvélum, sem getið er um í 14. gr. laga 10. nóv. 1905, um atvinnu við siglingar.

Í stað 7. gr. frumvarpsins komi ný grein, sem verði 11. gr., þannig:

Lög nr. 19, 22. maí 1890, um stofnun stýrimannaskóla á Íslandi, lög nr. 58, 10. nóvember 1905, um breytingu á 6. gr. í nefndum lögum, og lög nr. 4, 13. sept. 1901, um próf í gufuvélafræði við stýrimannaskólann í Reykjavík, eru úr gildi feld.

Alþingi 3. marz 1911.

Eiríkur Briem,
formaður.

Gunnar Ólafsson,
skrifari og framsögumaður.

Ari Jónsson.